

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Náttúrverndarstofnun - Vatnajökulspjóðgarður
kt. 700924-1570

Starfsstöð: Snæfellsskáli, 701 Egilsstaðir
Fastanúmer: 253-6891

Leyfið gildir frá 29. júlí 2025 til 29. júlí 2037

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Fjallaskála
- Tjaldsvæði
- Starfsmannabústað
- Litla vatnsveitu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Kjartan Róbertsson,
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfiskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Náttúruverndarstofnun - Vatnajökulspjóðgarður
kt. 700924-1570

Starfsstöð: Snæfellsskáli, 701 Egilsstaðir

Fastanúmer: 253-6891

Leyfið gildir frá 29. júlí 2025 til 29. júlí 2037

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Fjallaskála**
- **Litla vatnsveitu**
- **Tjaldsvæði**
- **Starfsmannabústaður**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 13. júní 2025.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 93/1995 um matvæli m.s.br.*
- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- *Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

1.1. Sala á gistingu

Um er að ræða starfsleyfi til að selja gistingu í fjallaskála. Skálinn rúmar 45 manns í gistingu. Eldunaraðstaða er í skálanum og aðstaða til að matast. Gestir hafa aðgang að vatnssalernum og sturtu.

Meðal annars skal farið eftir:

- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.
- Fylgiskjali 1, Starfsleyfisskilyrðum fyrir fjallaskála

1.2. Tjaldsvæði

Um er að ræða starfsleyfi fyrir tjaldsvæði fyrir allt að 50 manns. Tvö salerni eru á svæðinu, annað þeirra með aðgengi fyrir fatlaða og ein sturta. 2 vaskar með heitu og köldu vatni fyrir gesti.

Meðal annars skal farið eftir:

- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.
- Fylgiskjali 2, Starfsleyfisskilyrðum fyrir hjólhýsa, smáhýsa og tjaldsvæði, eftir því sem við á.

1.3. Starfsmannabústaður

Starfsleyfið gildir fyrir starfsmannabústað með tveimur svefnherbergjum ásamt herbergi/skrifstofu og baðherbergi með salerni og sturtu. Eldunaraðstaða er sameiginleg með gestum.

Meðal annars skal farið eftir:

- Fylgiskjal 3. Starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsmannabústað

1.4. Vatnsveita

Neysluvatn er fengið út nálægri lind. Lindarbrunnur er tengdur við lokaða tunnu skammt frá.

Staðsetning vatnsbóls

Staðsetning skv. GPS: N64° 48.226' W15° 37.898'.

Meðal annars skal farið eftir:

- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.

Innra eftirlit vatnsveitu: Til þess að tryggja gæði og öryggi neysluvatns ber rekstararaðila að viðhafa innra eftirlit vegna starfseminnar. Eftirtalda þætti þarf að skoða að lágmarki árlega en oftast ef þurfa þykir:

- Athuga girðingar umhverfis vatnsból og lafæra þær ef þurfa þykir.
- Athuga hvort hætta sé á að meindýr komist í vatnsbólið.
- Ganga úr skugga um að ekkert sem spillt geti vatnsbóli sé í nánasta umhverfi þess. Sérstaklega er athugað að dýrahæ og annað sem valdið geti mengun séu fjarlægð.

Þá þarf að fylgjast reglulega með síum í vatnsleiðslum og krönum. Skipta skal um síurnar eftir þörfum.

Ef vart verður við óeðlilega breytingu á neysluvatni skal taka sýni til rannsóknar á viðurkenndri rannsóknarstofu. Sama gildir ef vart verður mengunar í nágreni vatnsbóls sem ætla mætti að geti spillt gæðum neysluvatns.

2. Annað sem varðar starfsemina.

2.1. Fráveita

Fráveita frá skálanum er leidd í 11.000 rotþró sem er tæmd árlega.

Nauðsynlegt er að fylgjast reglulega með virkni fráveitukerfisins og tæma rotþró eins oft og þurfa þykir, alla jafnan annað hvert ár. Athygli er vakin á því að þeir einir mega taka að sér að tæma rotþrær sem hafa gilt starfsleyfi vegna meðhöndlunar á seyru.

Um fráveitur gilda meðal annars:

- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ*

2.2. Olúgeymir

Niðurgrafinn olúgeymir er við húsið sem skipta á út í sumar (2025). Nýjum 2000 l. geymi verður komið fyrir í skýli með steyptri gólfplötu

Um olúgeyma gilda meðal annars:

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.*

2.3. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinnna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um úrgang gilda meðal annars:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

2.4. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

29. júlí 2025
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Kjartan Róbertsson
heilbrigðisfulltrúi